

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Vatnsendahvarf – svæði IV.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. apríl 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að um 2,8 ha óbyggt svæði breytist í verslunar- og þjónustusvæði og athafnasvæði. Fyrirhugað er að aðalgöngustígur færist að hluta til suðurs.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 7. apríl 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 23. apríl 2008